## 024/01 - Bliki RE 11 - Sædís BA 104

Bliki RE 11 og Sædís BA 104, í árekstri á Hvalfirði

**Bliki RE 11**
**Skipaskr.nr.:** 7161
**Smíðaður:** 1989 Plast
**Stærð:** brl; 5,80 bt
**Lengd:** 8,50 m **Breidd:** 3,24 m **Dýpt:** 1,18 m
**Vél:** Caterpillar 153,00 kW **Árgerð:** 1999
**Annað:**
**Földi skipverja:** 2




Bliki©Hilmar Snorrason




**Sædís BA 104**
**Skipaskr.nr.:** 2192
**Smíðaður:** Essex, Englandi 1974 Plast
**Stærð:** 5,40 brl; 4,75 bt
**Lengd:** 8,95 m **Breidd:** 2,50 m **Dýpt:** 1,20 m
**Vél:** General Motors Diesel 151,00 kW **Árgerð:** 1999
**Annað:**
**Fjöldi skipverja:** 2

### Atvikalýsing

Þann 24. febrúar 2001 um kl. 05:30 var Sædís BA 104 á línuveiðum í Hvalfirði. Veður: Logn, heiðskýrt og sléttur sjór.

Verið var að draga upp línuna um borð í Sædísi þegar skipstjórinn sér Blika RE 11 í 200-300m fjarlægð frá Sædísi. Taldi skipstjórinn á Sædísi að stjórnendur Blika væru að koma til að leita eftir upplýsingum um hvernig línan lægi og gang veiða.

Um borð í Blika hafði skipstjóri farið af stjórnpalli en háseti verið þar eftir. Hvorugur skipverja Blika töldu sig verða vara við ferðir Sædísar, eingöngu báta innar í firðinum. Blika var siglt á bakborðs kinnung Sædísar á 8 sml. hraða eða fullri ferð, með þeim afleiðingum að eins fermeters gat kom á Sædísi og stefni Blika skemmdist töluvert. Báðir bátarnir sigldu til hafnar í Reykjavík.

### Við rannsókn kom fram

- að Bliki RE 11 er ekki búinn ratsjá heldur “plotter”;
- að ekki var ratsjá í gangi um borð í Sædísi;
- að báðir skipverjar Sædísar voru úti á dekki;
- að mikið af ljósum voru í firðinum, bæði frá verksmiðjum, öðrum bátum og sanddæluskipi;
- að algengt er að bátar sigli upp að hverjum öðrum og ræði aflabrögð.

### Nefndarálit

Nefndin telur að ástæða óhappsins sé stórkostlegt gáleysi við stjórn og siglingu Blika.